

Sp. 113. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um samanburð á dagvinnulaunum og tekjum á Íslandi og í nágrannalöndum okkar.

Flm.: Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Albert Guðmundsson,
Júlíus Sólnes, Guðmundur Ágústsson, Ingi Björn Albertsson,
Hreggviður Jónsson, Óli P. Guðbjartsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd hlutlausra sérfræðinga til þess að rannsaka tekjumyndun og skiptingu þjódartekna á Íslandi. Nefndin athugi sérstaklega dagvinnulaun, vinnutíma og heildarlaun nokkurra markhópa launafólks á Íslandi og beri þau saman við kjör sambærilegra hópa í nágrannalöndum okkar. Könnunin nái einnig til þeirra er njóta tryggingarbóta. Leita skal skýringa á þeim mun sem könnunin sýnir. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þjódartekjur Íslendinga eru meðal hinna hæstu í heiminum. Eftirfarandi tafla sýnir þjódartekjur á Norðurlöndum í milljörðum bandaríkjadala 1985 og 1986.

Ár	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1985	57.8	54.0	2.9	57.9	100.2
1986	80.4	70.5	3.9	68.7	131.5

Ef þjódartekjur þessara landa eru bornar saman miðað við fólksfjölda fæst eftirfarandi tafla sem sýnir þjódartekjur á hvern mann, umreiknaðar í þúsundir íslenskra króna.

Ár	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1985	418.1	407.0	444.0	514.3	444.0
1986	580.9	529.1	595.7	610.5	580.9

Þessar tölur sýna svo að ekki verður um villst að laun á Íslandi gætu verið svipuð og annars staðar á Norðurlöndum.

Það má finna mörg dæmi þess að dagvinnulaun launafólks á Íslandi eru meðal hinna lægstu sem þekkjast í Vestur-Evrópu. Eftirfarandi tafla sýnir dagvinnulaun nokkurra markhópa launafólks á Norðurlöndum árið 1985, að meðtöldum álagsgreiðslum, reiknuð í þúsundum bandaríkjadala á ári.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
Háskólakennarar	20.5	18.6	10.2	17.4	14.7
Fag- og ófaglærðir iðnaðarmenn	15.1	10.0	10.3	13.9	11.8
Fiskverkunarfólk	12.8		7.9	11.9	

Samkvæmt þessari töflu virðast dagvinnulaun á Íslandi vera mun lægri en annars staðar á Norðurlöndum í flestum tilvikum. Því vakna spurningar um það hvort þjódartekjum Íslendinga sé misskipt. Er hlutdeild launafólks í þjódartekjunum minni en gengur og gerist í nágrannalöndunum? Eru einhverjir hópar í þjódfélaginu sem bera óeðlilega mikið úr bótum?

Á Íslandi er vinnudagurinn mjög langur hjá þorra fólks. Yfirvinna er mun meiri hér á landi en tíðkast í nágrannalöndunum. Þannig byggir fjöldi manna afkomu sína á óhóflegri

yfirvinnu þar sem dagvinnulaunin hrökkva ekki fyrir nauðsynjum. Á sama tíma er yfirvinna nánast að hverfa hjá launafólki í nágrannalöndunum en því nægir dagvinnulaunin til lífsviðurværis. Að sjálfsögðu er þetta mismunandi eftir atvinnugreinum, en meginreglan í flestum ríkjum Vestur-Evrópu er sú að launafólk sækist ekki eftir yfirvinnu og þarf ekki á henni að halda.

Oft er bent á að beinir skattar séu lægri á Íslandi en í nágrannalöndunum. Því beri að taka tillit til skattbyrði launafólks þegar tekjur þess eru bornar saman. Er þá talið að launasamanburður við nágrannalöndin verði hagstæðari. Að vísu má benda á það að hærri skattar samfara hærri launum koma öllu þjóðfélaginu til góða.

Samanburður á launatekjum í fleiri löndum verður að sjálfsögðu yfirborðskenndur ef ekki er hugað að raunverulegum kaupmætti launa. Ef óbeinir skattar, söluskattur og tollar eru reiknaðir með hallar aftur á launafólk á Íslandi. Vöruverð, einkum þó matvöru og annarra lífsnauðsynja, er mun hærra en í nágrannalöndum okkar.

Ýmsir aðilar, bæði atvinnurekendur og launþegasamtök, hafa athugað og borið saman launakjör á Íslandi og í öðrum löndum, einkum annars staðar á Norðurlöndum. Hið opinbera fylgist einnig með launum og launaþróun bæði hér og erlendis. Sammerkt með þessum athugunum er að þær eru ekki teknar alvarlega. Hinir mismunandi hagsmunahópar vantroysta hver öðrum. Það er þess vegna skoðun flutningsmanna að ekki sé óeðlilegt að leita til erlendra sérfræðinga, þegar nefndin verður skipuð, til að fá óhlutdrægar niðurstöður.

Mikill glundroði og vantraust hefur skapast milli hagsmunaaðila á Íslandi vegna skorts á áreiðanlegum gögnum um launakjör ýmissa markhópa launafólks á Íslandi og erlendis. Til þess að skapa grundvöll fyrir traustari kjarasamninga, frið á vinnumarkaðinum og svokallaða þjóðarsátt er slík athugun, sem flutningsmenn leggja til að verði gerð, nauðsynleg.